

# Fundargerð 383. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2016, föstudaginn 1. apríl kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til símafundar.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Steinn Pétursson, Ólafur Þór Snorrason, Ásta Björg Pálmadóttir og Björn Arnaldsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 382. fundar - 1601002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 382. fundar frá 24. febrúar sl.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Samráðshópur um vitamál - óskað tilnefningar - 1603002HA

Lagður fram tölvupóstur frá Sigurði Áss Grétarssyni, dags. 16. mars 2016, þar sem óskað er eftir að hafnasambandið tilnefndi fulltrúa í samráðshóp um vitamál.

*Samþykkt að tilnefna Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóra Reykjaneshafnar í samráðshópinn fyrir hönd hafnasambandsins.*

### 3. Hafnasambandsþing 2016 - 1509037HA

Lögð fram drög að dagskrá hafnasambandsþings.

*Til kynningar.*

### 4. Kynning á starfsemi hafna - 1509035HA

Lögð fram kostnaðaráætlun frá Athygli í þau verkefni sem fyrirtækið lagði til í minnisblaði frá 19. febrúar sl.

*Samþykkt að kynna hugmyndirnar á hafnasambandsþingi í haust.*

### 5. Umsögn um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni - 1603001HA

Lögð fram umsögn hafnasambandsins, dags. 7. mars 2016, um frumvarpsdrög um breytingar á lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og nr. 74/2012 um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni 2016-2019).

*Til kynningar.*

**6. Gjaldtaka hafna vegna notkunar mengunarvarnabúnaðar - 1603003HA**

Lagður fram tölvupóstur frá Björgu Ágústsdóttur, lögfræðingi hjá Alta ehf., dags. 9. mars 2016, um gjaldtöku hafna vegna notkunar mengunarvarnabúnaðar - gjaldskrá hafna, reglugerð og lagastoð.

*Má falið að ræða málið við Sigurrós Friðriksdóttur hjá Umhverfisstofnun. Máli frestað til næsta fundar.*

**7. Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018 - óskað umsagnar - 1603004HA**

Lögð fram tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015-2018.

*Stjórn Hafnasambands Íslands telur að fyrirliggjandi tillaga til fjögurra ára samgönguáætlunar 2015-2018 sé skref í rétta átt varðandi fjárveitingar til hafnamála. Mikilvægt er þó að ríkið geri sér grein fyrir þeirri miklu viðhalds- og nýframkvæmdaþörf sem hafnirnar standa frammi fyrir í dag.*

*Samkvæmt könnun sem hafnasambandið stóð fyrir í byrjun árs 2015 þá er áætluð viðhalds- og nýframkvæmdaþörf hafnasjóða um 5,3 ma.kr. á þessu ári og um 6,5 á því næsta. Það er því ljóst að það fjármagn sem sett er í hafnabótasjóð á næstu árum er ekki nóg.*

*Íslenskar hafnir eru hluti af grunninnviðum og samgöngumannvirkjum samfélagsins og því mikilvægt að horft verði til þess þegar samgönguáætlunin verður endurskoðuð með það að markmiði að auka fjármagn til hafnarframkvæmda verulega.*

Fundi var slitið kl. 12:10

---

Gísli Gíslason

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Már Sveinbjörnsson

---

Steinþór Pétursson

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Ásta Björg Pálmadóttir

---

Björn Arnaldsson

---

Valur Rafn Halldórsson